

Fundargerð 9. stjórnarfundar

starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 19. október í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Benóný Jónsson, Hannes Strange, Sigurður Ingvarsson, Felix Sigurðsson, Birgir Guðjónsson. Jónas Egilsson framkvæmdastjóri sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerðir 7. og 8. funda lagðar fram og samþykktar.
2. Fjárhagsmál.
 - 2.1. Formaður og gjaldkeri gerðu grein fyrir samkomulagi við viðskiptabanka sambandsins um lausnir á fjárhagsstöðu fram yfir áramót, en bankinn æltar að veita sambandinu yfirdráttarheimild til að greiða helstu skulda sambandsins, sem eru tilkomnar vegna rekstrahalla ársins 2009.
 - 2.2. Gjaldkeri greindi frá fundi fjárhagsráðs í síðstu viku. Þar voru lögð drög að fjáröflun næsta árs og hugmyndum um samstarf við okkar helstu viðskiptaaðila. Ákveðið að kynna þessar hugmyndir fyrir öðrum stjórnarmönnum.
 - 2.3. Formaður fór yfir hugmyndir að útgáfu frjálsíþróttablaðs sem lið í fjáröflun fyrir sambandið, en hann hafði áður sent tölvupóst með áætlunum um kostnað o.fl. Honum falið að fylgja málinu eftir frekar.
 - 2.4. Fjáröflunarsamkoma. Formaður greindi frá hugmyndum sem hann er að vinna að. Hann mun skýra þessi mál nánar fyrir stjórn á næsta fundi hennar.
3. Mótafundur
 - 3.1. Samþykkt að fundurinn verði sunnudaginn 21. nóv. nk. og hefjist árdegis og standi fram eftir degi.
 - 3.2. Til umræðu verða m.a. tillögur að mótaskrá fyrir 2011, nýtt fræðslukerfi fyrir dómara og kynning á nýrri aldursflokaskiptingu fyrir unglinga, en þessi tvö síðari mál eru á dagskrá skv. samþykkt Frjálsíþróttabings. Einnig verður rætt um stöðu frjálsíþróttar og leiðir til framfara. Þá verða einnig til umræðu hugmyndir um auknið samstarf sambandsaðila við framkvæmd móta og möguleg mótaráð innan hreyfingarinnar. Ákveðið að kynna umræðuefni og dagskrármál fyrir sambandsaðilum með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.
4. Nýr landsliðshópur. Unnur kynnti áður sendar tillögur um landsliðs- og úrvalshópa FRÍ.
5. Evrópubikarkeppnin 2011
 - 5.1. Formaður greindi frá undirritun samnings við EAA vegna mótsins á næsta ári.
 - 5.2. Framkvæmdastjóri greindi frá því að fyrirhuguð væri skoðun fulltrúa FRÍ, FÍRR og Reykjavíkurborgar á Laugardalsvelli á morgun kl. 15. Reykjavíkurborg hefði óskað eftir úttekt og mati á kostnaði vegna endur- or útbóta á vellinum fyrir mótið.
 - 5.3. Fulltrúar EAA, þ.e. frá skrifstofu og tæknifulltrúi koma til landsins 24. nóv. nk. Ætlunin er að skoða völinn, hótél og eiga fundi með undirbúningsaðilum.
 - 5.4. Skipun vinnuhópa. Formanni falið að koma með tillögur í samráði við formann undirbúningsnefndar og framkvæmdastjóra.
6. RIG 2011. Formaður greindi frá undirbúning og fundi undirbúningsnefndar sem haldinn var fyrir um daginn.



7. Önnur mál

- 7.1. Aths. við skýrslu og tillögur um fræðslukerfi fyrir dómara. Frestað til næsta fundar.
- 7.2. Framkvæmdastjóri lagði fram samantekt um störf nefnda sambandsins. Stefnt að sameiginlegum fundi formanns með nefndarformönnum fljótlega.
- 7.3. Benóný gerði grein fyrir fundi sérsambanda og ÍSÍ með mennta- og menningamálaráðherra 14. okt. sl.
- 7.4. Formaður sagði að formannafundur ÍSÍ væri boðaður 19. nóv. nk. en hann mun sækja fundinn f.h. FRÍ.
- 7.5. Formaður greindi frá fundum hans og framkvæmdastjóra í Belgrad í tengslum við mótþing EAA í síðustu viku. Þetta voru fundir með Norðurlöndunum, Norð-vestur hópnum svokallaða, Smáþjóðunum, auk mótþings og aukþings EAA.
- 7.6. Benóný greindi frá því að samkomulag hefði verið gert innan HSK að keppt yrði á næsta ári undir merkjum HSK/Umf. Selfoss á Meistaramótum FRÍ, en HSK í bikar á næsta ári.
- 7.7. Landskeppnismál. Ræddir voru nokkrir möguleikar á landskeppnum, sérstaklega árið 2012, en þá verður hvorki Evrópubikar né Smáþjóðaleikar.

8. Næsti fundur ákveðinn 4. nóvember nk. kl. 17.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 20:15.

Jónas Egilsson.